

1993 nr. 10 5. mars**Lög um verðbréfasjóði****I. kafli. Gildissvið.**

■ **1. gr.** Lög þessi taka til fyrirtækja, hér eftir nefnd verðbréfasjóðir, sem hafa eingöngu að markmiði

1. [að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og öðrum eignum skv. 27. gr. á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu og]¹⁾

2. gefa út hlutdeildarskírteini til þeirra sem fá félaginu fé til ávöxtunar og innleysa þau að kröfu eigenda af eignum félagsins.

¹⁾ L. 17/1999, 1. gr.

II. kafli. Starfsleyfi verðbréfasjóða og skráning.

■ **2. gr.** Starfsemi samkvæmt lögum þessum verður einungis stunduð af verðbréfasjóðum sem uppfylla skilyrði laga þessara og fengið hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra.

□ Skilyrði fyrir starfsleyfi eru sem hér segir:

1. Verðbréfasjóðurinn sé löglega stofnaður, sbr. 9. gr.

2. Hann hafi yfir að ráða minnst 50 milljónum króna eða minnst 10 milljónum króna sem skiptist á a.m.k. 50 aðila þannig að hlutur hvers þeirra nemi minnst 10.000 krónum og hljóði á nafn.

3. Samþykktir sjóðsins fullnægi ákvæði 1. mgr. 8. gr.

4. Vörslufyrirtæki og rekstrarfélag fullnægi skilyrðum V. kafla.

5. Endurskoðun sé framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.

□ Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja samþykktir verðbréfasjóðs og aðrar þær upplýsingar sem ráðherra ákvæður. Áður en leyfi er veitt skal leitað umsagnar [Fjármálaeftirlitsins].¹⁾

□ [Í starfsleyfi skal koma fram hvort verðbréfasjóður hafi heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu eða markaðssetningar hér á landi skv. 27. gr. Verðbréfasjóðir, sem eingöngu er heimilt að markaðssetja hér á landi skv. 27. gr., skulu sækja um nýtt starfsleyfi breyti þeir samþykktum og hyggist markaðssetja sig innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sama gildir um sjóði sem heimild hafa til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu en breyta samþykktum sínum til að nýta sér heimildir 27. gr.]²⁾

¹⁾ L. 84/1998, 4. gr. ²⁾ L. 17/1999, 2. gr.

■ **3. gr.** Verðbréfasjóðum með fullgilt starfsleyfi er einum heimilt að stunda starfsemi skv. 1. gr. Önnur starfsemi er þeim óheimil.

□ Verðbréfasjóðum er einum heimilt og rétt eftir því sem við verður komið að nota orðið „verðbréfasjóður“, eitt sér eða samtengt öðrum orðum, í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni.

□ Óheimilt er að breyta verðbréfasjóðum samkvæmt lögum þessum í fyrirtæki sem löginn taka ekki til.

■ **4. gr.** Uppfylli verðbréfasjóður ekki skilyrði laga þessara til að öðlast starfsleyfi skal umsókn synjað.

□ Ráðherra getur synjað um leyfi til reksturs verðbréfasjóðs hafi stjórnarmenn sjóðsins eða framkvæmdastjórar rekstrarfélags eða vörslufyrirtækis

1. verið dæmdir fyrir refsiverðan verknað sem ætla má að skapi hættu á að viðkomandi misnoti aðstöðu sína,

2. sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir muni ekki sinna starfi sínu á forsvaranlegan hátt.

□ Áður en ákvörðun er tekin um synjun skv. 2. mgr. skal leitað umsagnar [Fjármálaeftirlitsins].¹⁾

¹⁾ L. 84/1998, 4. gr.

■ **5. gr.** Synjun ráðherra á leyfi skv. 4. gr. skal rökstudd skriflega og send umsækjanda, að jafnaði eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra. Ákvörðun ráðherra skal þó ávallt liggja fyrir innan sex mánaða.

■ **6. gr.** Ráðherra skal birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um starfsleyfi verðbréfasjóðs. Í tilkynningunni skal koma fram nafn sjóðsins, stjórnarmanna og endurskoðenda auk nafns rekstrarfélags og vörslufyrirtækis sjóðsins. Óheimilt er að taka við fjármunum til ávöxtunar í verðbréfasjóði fyrr en tilkynning hefur verið birt.

□ Hefji verðbréfasjóður ekki starfsemi innan tólf mánaða frá veitingu starfsleyfis fellur það úr gildi.

■ **7. gr.** [Fjármálaeftirlitið]¹⁾ skal halda sérstaka skrá yfir verðbréfasjóði sem hlotið hafa starfsleyfi. Í skránni skulu koma fram nöfn stjórnarmanna verðbréfasjóðs og hverjir séu endurskoðendur hans. [Jafnframt skulu koma fram helstu upplýsingar um rekstrarfélag og vörslufyrirtæki verðbréfasjóðsins og hvort sjóðurinn hafi heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu eða markaðssetningar hér á landi skv. 27. gr.]²⁾

□ [Fjármálaeftirlitinu]¹⁾ er heimilt að kveða nánar á um þær upplýsingar sem veittar skulu skv. 1. mgr. Breytingar á áður tilkynntum atriðum skulu þegar tilkynntar [Fjármálaeftirlitinu].¹⁾

¹⁾ L. 84/1998, 4. gr. ²⁾ L. 17/1999, 3. gr.

III. kafli. Samþykktir verðbréfasjóða.

■ **8. gr.** Í samþykktum verðbréfasjóðs skulu m.a. koma fram eftirfarandi atriði:

1. Nafn verðbréfasjóðs, heimili og varnarþing.

2. Nafn vörslufyrirtækis sjóðsins og ákvæði um hvernig skipt verði um það.

3. Hvort sjóðurinn starfi óskiptur eða í aðgreindum deildum.

4. Ákvæði um boðun aðalfundar og málefni sem þar skal fjallað um, þar á meðal hvort og með hvaða hætti samþykktum verði breytt.

5. Hverjir eigi rétt til setu á aðalfundi og atkvæðisréttur þeirra.

6. Stjórn verðbréfasjóðs og rekstrarfélag hans, sbr. 12. gr.

7. Hver hafi rétt til að skuldbinda verðbréfasjóðinn og hver fari með atkvæðisrétt sem fylgir verðbréfum í hans eigu.

8. Fjárfestingarstefna verðbréfasjóðsins.

9. Hvernig reikna skuli út raunvirði hvers hlutar í sjóðnum.

10. Hvernig háttáð skuli innlaun hlutdeildarskírteina.

11. Hvernig ráðstafa skuli arði eða öðrum hagnaði af verðbréfum sjóðsins.

12. Endurskoðun og reikningsár sjóðsins.

13. Ákvæði um samruna sjóðsins við aðra verðbréfasjóði eða samruna deilda sama sjóðs.

14. Hvernig sjóði verði slitið.

□ Breytingar á samþykktum verðbréfasjóðs öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu [Fjármálaeftirlitsins].¹⁾ Breytingar skulu staðfestar séu þær í samræmi við lög, enda séu þær að öðru leyti í samræmi við hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina og engar aðrar fullgildar ástæður mæli gegn staðfestingu. Breytingar öðlast gildi eigi síðar en

þremur mánuðum eftir staðfestingu nema [Fjármálaeftirlitið]¹⁾ ákveði annað. Tilkynning um breytingar skal birt í Lögbirtingablaði.

□ Verðbréfasjóður skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina um hverja breytingu á samþykktum sjóðsins og jafnframt auglýsa hana opinberlega.

¹⁾ L. 84/1998, 4. gr.

IV. kafli. Stjórn og skipulag verðbréfasjóða.

■ **9. gr.** [Verðbréfasjóður verður eingöngu stofnaður sem hlutafélag.]¹⁾

□ Heimilt er að verðbréfasjóður starfi í aðgreindum deildum. Ber þá hver deild ábyrgð á sínum skuldbindingum. Þó bera deildir sjóðsins óskipta ábyrgð á sameiginlegum kostnaði þeirra.

¹⁾ L. 21/1996, 1. gr.

■ **10. gr.** Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum verðbréfasjóðs. Stjórn sjóðsins fer með málefni hans milli aðalfunda.

□ Aðalfundur skal halda samkvæmt ákvæðum samþykktu. Aðalfundur skal boða með minnst tíu daga fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði.

■ **11. gr.** Stjórn verðbréfasjóðs skal kjörin á aðalfundi samkvæmt ákvæðum samþykktu og skal vera skipuð þremur mönnum hið fæsta. Stjórnin hefur almennt eftirlit með að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við ákvæði laga þessara, reglur settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins, þar á meðal að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og ráðstöfun eignu sjóðsins.

□ [Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi. Þeir skulu vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknáð samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Ríkisborgarar þeirra ríkja, sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eru undanþegnir búsetuskilyrðinu, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Ráðherra er heimilt að veita þeim sem búsettir eru í öðrum ríkjum sömu undanþágu.]¹⁾

□ Stjórnarmenn mega ekki jafnframt eiga sæti í stjórn vörslufyrirtækis eða rekstrarfélags skv. V. kafla.

¹⁾ L. 21/1996, 2. gr.

V. kafli. Rekstrarfélag og vörslufyrirtæki.

■ **12. gr.** Rekstur verðbréfasjóðs skal falinn sérstöku rekstrarfélagi sem hlotið hefur viðurkenningu [Fjármálaeftirlitsins].¹⁾ [Rekstrarfélag verður eingöngu stofnað sem hlutafélag eða einkahlutafélag og skal hafa aðsetur hér á landi.]²⁾ Það skal vera óháð í störfum sínum og einungis hafa með höndum daglegan rekstur verðbréfasjóða eða annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum sem ekki falla undir ákvæði laga þessara. Rekstrarfélag má ekki jafnframt vera vörslufyrirtæki skv. 14. gr.

□ Rekstrarfélagi er óheimilt að eignast hluti með atkvæðisrétti í þeim mæli að það geri félaginu kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefanda verðbréfa.

¹⁾ L. 84/1998, 4. gr. ²⁾ L. 21/1996, 3. gr.

■ **13. gr.** [Daglegur stjórnandi rekstrarfélags skal uppfylla sömu skilyrði og framkvæmdastjóri fyrirtækis í verðbréfaþjónustu samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti og hafa staðist próf í verðbréfamíðlun samkvæmt prófkröfum sem

settar eru í reglugerð. Honum er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja án samþykkis Fjármálaeftirlitsins.]¹⁾

¹⁾ L. 99/2000, 12. gr.

■ **14. gr.** Umsjá og varðveisla verðbréfa verðbréfasjóðs skal falin vörslufyrirtæki sem hlotið hefur viðurkenningu [Fjármálaeftirlitsins]¹⁾ eða lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki. Fjármunum verðbréfasjóðs skal haldið aðgreindum frá fjármunum vörslufyrirtækis. Vörslufyrirtæki skal

1. sjá um að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs fari samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins,

2. sjá um að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins,

3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags verðbréfasjóðs nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hans,

4. sjá um að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,

5. sjá um að tekjum verðbréfasjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins.

□ Viðurkenningu sem vörslufyrirtæki geta hlotið

1. verðbréfafyrirtæki,

2. viðskiptabankar og sparisjóðir,

3. aðrar lánastofnanir sem starfa samkvæmt lögum um þær gilda,

4. útibú hliðstæðra stofnana sem starfa hér á landi.

□ [Vörslufyrirtæki ber ábyrgð gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna þess skv. 1. mgr.]²⁾

¹⁾ L. 84/1998, 4. gr. ²⁾ L. 21/1996, 5. gr.

■ **15. gr.** Verðbréfasjóði er óheimilt að skipta um rekstrarfélag eða vörslufyrirtæki án samþykkis [Fjármálaeftirlitsins].¹⁾

¹⁾ L. 84/1998, 4. gr.

VI. kafli. Hlutdeildarskírteini.

■ **16. gr.** [Gefa skal út verðbréf í formi hlutdeildarskírteina til þeirra sem fá verðbréfasjóði fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því.]¹⁾ Hlutdeildarskírteini skulu skráð á nafn. Allir, sem eiga hlutdeild að verðbréfasjóði eða sérgreindri deild hans, eiga sama rétt til tekna og eignu sjóðsins eða viðkomandi deildar í hlutfalli við eign sína og eru skírteinin staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar sjóðsins.

□ [Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða eru undanþegin stimpilgjöldum.]¹⁾

¹⁾ L. 21/1996, 6. gr.

■ **17. gr.** Í hlutdeildarskírteini skal m.a. getið eftirtalinnna atriða:

1. Nafns verðbréfasjóðs, fjárvörslufyrirtækis og rekstrarfélags.

2. Nafns og kennitölu upphaflegs eiganda skírteinis og númers þess.

3. Hvernig hlutdeildarskírteini verði innleyst og hvaða reglur gildi um arðgreiðslur.

4. Nafns og kennitölu framsalshafa hafi skírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess.

□ Hlutdeildarskírteini skal vera dagsett og undirritað af stjórn verðbréfasjóðs eða þeim sem hún hefur gefið umboð til þess. Nafnritunin má vera prentuð eða sett fram á annan sambærilegan hátt.

■ **18. gr.** Rekstrarfélag verðbréfasjóðs skal halda skrá yfir öll hlutdeildarskírteini í sjóðnum. Í skránni skal eftirfarandi m.a. koma fram:

1. Nafn og kennitala eiganda.

2. Númer skírteinis og söludagur þess.

3. Nafnverð skírteinis.

4. Heildarfjöldi útstandandi skírteina.

□ Tilkynna skal eigendaskipti hlutdeildarskírteina til rekstrarfélags verðbréfasjóðs. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á skírteinum, skulu færðar inn á skrána og heimildar tilkynningar getið.

□ Kjósi eigendur hlutdeildarskírteina fulltrúa í stjórn verðbréfasjóðs samkvæmt samþykktum sjóðsins skal gerð nafnaskrá þar sem fram komi nöfn þeirra sem eiga atkvæðisrétt og atkvæðafjöldi. Eigendum hlutdeildarskírteina er heimilt að fá afrit af þessari skrá eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund sjóðsins.

■ **19. gr.** Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

□ Hlutdeildarskírteini skulu innleyst að kröfu eigenda samkvæmt nánari ákvæðum samþykktar verðbréfasjóðsins. Þó er verðbréfasjóði heimilt samkvæmt ákvæðum samþykktar að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt [Fjármálaeftirlitinu]¹⁾ og eftirlitsaðilum annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðsins hafa verið sett á markað. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

□ [Fjármálaeftirlitið]¹⁾ getur krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjist hagsmunir eigenda skírteinanna eða almennings þess.

□ Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsins við innlausn, svo sem skuldum hans við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum.

□ Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs skal reiknað daglega og auglýst opinberlega eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. [Fjármálaeftirlitið]¹⁾ getur ákveðið að opinber auglýsing innlausnarvirðis skuli fara fram oftár ef ástæða þykir til.

□ Ráðherra getur í reglugerð²⁾ sett nánari reglur um útreikning á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina.

¹⁾ L. 84/1998, 4. gr. ²⁾ Rg. 362/1993, sbr. 294/1994.

VII. kafli. Fjárfestingarstefna verðbréfasjóða.

■ **20. gr.** [Verðbréfasjóði eða einstökum deildum hans er eingöngu heimilt að fjárfesta með eftirfarandi hætti:

1. Í framseljanlegum verðbréfum sem skráð hafa verið á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfavíðskipti.

2. Í nýútgefnum, framseljanlegum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en einu ári frá útgáfu þeirra.]¹⁾

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfasjóði eða deild innan hans heimilt að fjárfesta sem svarar allt að 10% af eignum sínum í öðrum verðbréfum en þar getur.

□ [Fjármálaeftirlitinu]²⁾ er heimilt að setja reglur sem heimila verðbréfasjóðum að fjárfesta allt að 10% af eignum sínum í skuldaskjölum sem talin eru jafngilda framseljanlegum verðbréfum, eru auðseljanleg og með verðgildi sem ákvarða má hvenær sem er.

□ Heildarfjárfesting skv. 2. og 3. mgr. má aldrei fara fram úr 10% af eignum verðbréfasjóðs.

□ Verðbréfasjóðum er óheimilt að fjárfesta í eðalmálum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

□ [Verðbréfasjóði er óheimilt að selja verðbréf sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.]¹⁾

¹⁾ L. 21/1996, 7. gr. ²⁾ L. 84/1998, 4. gr.

■ **21. gr.** Verðbréfasjóði eða einstakri deild innan hans er óheimilt að fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda, sbr. þó 22. og 23. gr. Fjárfesti sjóðurinn eða einstök deild hans meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfasjóði eða einstakri deild hans heimilt að fjárfesta allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur [Fjármálaeftirlitið]¹⁾ heimilað verðbréfasjóði að fjárfesta allt að 25% af eignum sínum í skuldabréfum útgefnum af sama útgefanda, enda sé um að ræða lánastofnun innan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur lögbundnu eftirliti. Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% af eignum sínum í slíkum skuldabréfum má samanlagt verðmæti þeirra fjárfestinga ekki nema meira en 80% af eignum sjóðsins.

□ Ekki skal tekið tillit til verðbréfa skv. 2. og 3. mgr. þegar fundin er samtala fjárfestinga samkvæmt síðari málslið 1. mgr.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. mgr. mega samanlagðar fjárfestingar verðbréfasjóðs í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda aldrei nema meira en 35% af eignum sjóðsins.

¹⁾ L. 84/1998, 4. gr.

■ **22. gr.** [Fjármálaeftirlitið]¹⁾ getur heimilað verðbréfasjóði eða einstakri deild hans að fjárfesta allt að 100% af eignum sínum í framseljanlegum verðbréfum skv. 2. mgr. 21. gr. telji [Fjármálaeftirlitið]¹⁾ það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

□ Fjárfestingar verðbréfasjóðs eða einstakrar deildar hans skv. 1. mgr. skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaflokka og má fjárfesting í einum og sama verðbréfaflokki ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs eða einstakrar deildar hans.

□ [Fjármálaeftirlitið]¹⁾ getur sett nánari reglur um fjárfestingu samkvæmt þessu ákvæði.

¹⁾ L. 84/1998, 4. gr.

■ **23. gr.** [Verðbréfasjóði eða einstökum deildum hans er óheimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða en þeirra sem uppfylla skilyrði laga þessara. Fjárfesting verðbréfasjóðs í öðrum verðbréfasjóðum má þó ekki fara yfir 5% af eignum hans eða einstakra deilda hans.]¹⁾

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfasjóði óheimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða sem hafa sömu stjórn eða rekstrarfélag eða eru að öðru leyti ná tengd verðbréfasjóðum. [Fjármálaeftirlitið]²⁾ getur þó heimilað slíka fjárfestingu samkvæmt reglum sem það setur.

□ Rekstrarfélagi er óheimilt að leggja á gjöld eða kostnað vegna viðskipta með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs í þeim tilvikum þegar hluti eigna sjóðsins er fjárfestur í hlutdeildarskírteinum í öðrum verðbréfasjóði sem rekinn er af sama rekstrarfélagi eða öðru félagi sem rekstrarfélagið er

tengt vegna sameiginlegrar stjórnar eða yfirráða eða vegna verulegrar beinnar eða óbeinnar eignarhlutdeildar.

¹⁾ L. 21/1996, 8. gr. ²⁾ L. 84/1998, 4. gr.

■ **24. gr.** Verðbréfasjóður má ekki eignast meira en

1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi,

2. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda framseljanlegra verðbréfa,

3. 10% hlutdeildarskrteina í einstökum verðbréfasjóðum sem uppfylla skilyrði laga þessara.

□ [Fjármálaeftirlitinu]¹⁾ er heimilt að setja reglur um að 1. mgr. taki ekki til framseljanlegra verðbréfa sem

1. ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þess gefa út eða ábyrgjast,

2. ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast,

3. alþjóðastofnanir, sem eitt eða fleiri ríki Evrópska efnahagssvæðisins eru aðilar að, gefa út.

¹⁾ L. 84/1998, 4. gr.

■ **25. gr.** Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skal lögmaletu hámarki jafnan náð innan sex mánaða. [Fjármálaeftirlitið]¹⁾ getur þó í einstökum tilvikum mælt fyrir um lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskrteina.

¹⁾ L. 84/1998, 4. gr.

■ **26. gr.** [Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta í fasteignum eða lausafé.]¹⁾

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfasjóðum heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan átján mánaða frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu eigna skal tilkynna [Fjármálaeftirlitinu]²⁾ sem getur þá krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

¹⁾ L. 21/1996, 9. gr. ²⁾ L. 84/1998, 4. gr.

■ **[27. gr.]** Heimilt er að stofna verðbréfasjóð sem eingöngu verði markaðssettur hér á landi.

□ Verðbréfasjóði skv. 1. mgr., eða einstökum deildum hans, er heimilt að fjárfesta allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda, enda kveði fjárfestingarstefna sjóðsins eða viðkomandi deildar hans á um að eignasamsetning hans skuli endurspegla ákveðna verðbréfavísitölu samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

□ Verðbréfasjóði skv. 1. mgr., eða einstökum deildum hans, er heimilt að ávaxta allar eignir sínar í verðbréfasjóðum sem uppfylla skilyrði laga þessara, þó ekki nema 35% í einstökum verðbréfasjóðum. Sé þessi heimild nýtt skulu a.m.k. 90% af eignum sjóðsins ávöxtuð í verðbréfasjóðum og dreifast á a.m.k. fimm verðbréfasjóði. Verðbréfasjóður getur þó ekki fjárfest í hlutdeildarskrteinum verðbréfasjóða sem fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í hlutdeildarskrteinum annarra verðbréfasjóða.

□ Verðbréfasjóði skv. 1. mgr., eða einstökum deildum hans, er heimilt að ávaxta allar eignir sínar í innlánnum innlánsstofnana, þó ekki nema 35% í innlánnum einstakra innlánsstofnana. Sé þessi heimild nýtt skulu a.m.k. 90% af eignum sjóðsins ávöxtuð í innlánnum og dreifast á a.m.k. fimm innlánsstofnanir. Innlánsstofnanir innan sömu samstæðu teljast ein innlánsstofnun í þessu tilliti. Óheimilt er verðbréfasjóði að fjárfesta

í innlánnum innlánsstofnunar sem er vörslufyrirtæki sjóðsins, sbr. 2. mgr. 14. gr.

□ Verðbréfasjóði skv. 1. mgr., eða einstökum deildum hans, er heimilt að eiga viðskipti með staðlaða fjármálalega framvirka samninga og valréttarsamninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sé markaðurinn staðsettur utan Evrópska efnahagssvæðisins skal hann vera viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur þar sem kveðið er á um heimild verðbréfasjóðs skv. 1. mgr., eða einstakra deilda hans, til að gera eða eiga viðskipti með fjármálalega framvirka samninga og valréttarsamninga sem ekki eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði. Í þeim skal m.a. kveðið nánar á um hvers konar samninga um getur verið að ræða og hvaða skilyrði samningsaðilar þurfa að uppfylla. Verðbréfasjóði er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti hugsanlegu hámarkstapi af samningi sem gerður er samkvæmt þessari málsgrein allan þann tíma sem hann er í gildi.

□ Ákvæði laga þessara eiga að öðru leyti við um verðbréfasjóði samkvæmt þessari grein.]¹⁾

¹⁾ L. 17/1999, 4. gr.

■ **[28. gr.]**¹⁾ [Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskrteina. Slík lán mega ekki nema meira en sem svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.]²⁾

□ . . . ²⁾

□ Verðbréfasjóði er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra.

¹⁾ L. 17/1999, 4. gr. ²⁾ L. 21/1996, 10. gr.

■ **[29. gr.]**¹⁾ Um viðskipti eigenda, stjórnenda og starfsmanna verðbréfasjóðs, vörslufyrirtækis og rekstrarfélags, svo og maka þeirra, skal gæta eftirtalinnna atriða:

1. Að viðskiptin séu sérstaklega skráð.

2. Að stjórnir fyrirtækjanna fái kerfisbundnar upplýsingar um viðskiptin og staðfesti þau.

□ Fyrirtækin skulu setja sér verklagsreglur um viðskipti skv. 1. mgr. og skulu þær staðfestar af [Fjármálaeftirlitinu].²⁾

¹⁾ L. 17/1999, 4. gr. ²⁾ L. 84/1998, 4. gr.

VIII. kafli. Ársreikningur og endurskoðun.

■ **[30. gr.]**¹⁾ Stjórnir verðbréfasjóðs og rekstrarfélags hans skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga og samþykkt. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Enn fremur skal semja ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla mynda eina heild. Reikningsár verðbréfasjóðs er almanaksárið.

□ Ársreikningur og ársskýrsla skulu undirrituð af stjórnunum verðbréfasjóðs og rekstrarfélags. Hafi einhverjir stjórnarmanna mótbáru fram að færa gegn ársreikningi skulu þeir undirrita með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

□ Framsetning ársreiknings skal vera með skýrum hætti og í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

□ Ársreikningur skal gefa glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu verðbréfasjóðs.

□ Í ársskýrslu skal koma fram yfirlit yfir starfsemi hlutaðeigandi verðbréfasjóðs á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu en koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

□ [Fjármálaeftirlitinu]²⁾ er heimilt að setja nánari reglur um gerð ársreiknings.

¹⁾ L. 17/1999, 4. gr. ²⁾ L. 84/1998, 4. gr.

■ [31. gr.]¹⁾ Ársreikningur verðbréfasjóðs skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Endurskoðandi má ekki sitja í stjórn verðbréfasjóðs eða rekstrarfélags, vera starfsmaður þessara aðila eða starfa í þágu þeirra að öðru en endurskoðun.

□ Skýlt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eignum, bóköm, fylgiskjölum og öðrum gögnum verðbréfasjóðs. Jafnframt skulu stjórn og starfsmenn veita endurskoðanda allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

□ Ákvæði 2. mgr. tekur einnig til upplýsinga og gagna hjá rekstrarfélagi og vörslufyrirtæki sem nauðsynleg eru vegna endurskoðunar hjá verðbréfasjóði.

¹⁾ L. 17/1999, 4. gr.

■ [32. gr.]¹⁾ Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann skal gefa yfirlýsingu um að ársreikningur hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkt. Hann skal láta í ljós álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum að öðru leyti.

□ Telji endurskoðandi að í ársreikningi komi ekki fram þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skal hann geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Ef ársskýrsla hefur ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita, eða er ekki í samræmi við ársreikning, skulu endurskoðendur vekja athygli á því í áritun sinni. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

□ [Verði endurskoðendur varir við slíka ágalla í rekstri verðbréfasjóðs að reikningar verði ekki áritaðir eða athugasemdir við þá gerðar, ágalla á innra eftirliti eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu sjóðsins til áframhaldandi reksturs, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög og reglugerðir eða reglur sem gilda um sjóðinn hafi verið brotnar, skal endurskoðandi þegar gera stjórn sjóðsins og [Fjármálaeftirlitinu]²⁾ viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi verðbréfasjóðs fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánum tengslum við sjóðinn. Ákvæði þessarar greinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðenda samkvæmt ákvæðum annarra laga.]³⁾

□ Ákvæði 3. mgr. taka til endurskoðenda rekstrarfélags og vörslufyrirtækis eftir því sem við getur átt.

¹⁾ L. 17/1999, 4. gr. ²⁾ L. 84/1998, 4. gr. ³⁾ L. 21/1996, 11. gr.

■ [33. gr.]¹⁾ Endurskoðaður ársreikningur verðbréfasjóðs ásamt ársskýrslu skal sendur [Fjármálaeftirlitinu]²⁾ innan tíu daga frá undirritun en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningnum skal fylgja skýrsla löggilts endurskoðanda þar sem m.a. komi fram hvernig útreikningi á verðbréfaeign sjóðsins er háttáð. Meginniðurstöður ársreikninga skal birta opinberlega og í samræmdu formi sem [Fjármálaeftirlitið]²⁾ ákveður. Slíkar meginniðurstöður skulu vera aðgengilegar almenningi og liggja frammi í starfsstöð verðbréfasjóðs og rekstrarfélags.

□ Ársfjórðungslegt efnahagsyfirlit í því formi sem [Fjármálaeftirlitið]²⁾ ákveður skal einnig sent því og það liggja frammi á starfsstöð verðbréfasjóðs og rekstrarfélags.

□ Auk ársreiknings verðbréfasjóðs samkvæmt framangreindu skal einnig senda [Fjármálaeftirlitinu]²⁾ endurskoðaða ársreikninga vörslufyrirtækis og rekstrarfélags eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Þessum fé-

lögum er einnig skylt að láta Seðlabanka Íslands í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands [og ákvæði um samstarfssamning Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, sbr. lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi].²⁾

¹⁾ L. 17/1999, 4. gr. ²⁾ L. 84/1998, 4. gr.

IX. kafli. Eftirlit.

■ [34. gr.]¹⁾ [Fjármálaeftirlitið]²⁾ hefur eftirlit með að starfsemi verðbréfasjóða, rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja sé í samræmi við lög þessi, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim. Skal [Fjármálaeftirlitið]²⁾ eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þeim aðilum, sem lögin taka til, sem það telur nauðsynleg vegna eftirlitsins. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um [opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi],²⁾ svo og lög um verðbréfavíðskipti.

□ Telji [Fjármálaeftirlitið]²⁾ að starfsemi verðbréfasjóðs, vörslufyrirtækis eða rekstrarfélags brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og reglna settar samkvæmt þeim eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg.

¹⁾ L. 17/1999, 4. gr. ²⁾ L. 84/1998, 4. gr.

X. kafli. Afturköllun leyfa.

■ [35. gr.]¹⁾ Skýlt er ráðherra að afturkalla starfsleyfi verðbréfasjóðs

1. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði til að öðlast starfsleyfi,

2. sé bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta eða starfsemi hans slitið.

¹⁾ L. 17/1999, 4. gr.

■ [36. gr.]¹⁾ Hafi verðbréfasjóðir, rekstrarfélag eða vörslufyrirtæki í starfsemi sinni ítrekað eða með alvarlegum hætti brotið gegn ákvæðum laga þessara, reglna eða reglugerða settar samkvæmt þeim eða starfsemi þeirra er að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust og kröfum [Fjármálaeftirlitsins]²⁾ skv. 2. mgr. 33. gr.³⁾ hefur ekki verið sinnt er ráðherra heimilt að afturkalla starfsleyfi verðbréfasjóðsins að fengnum tillögum [Fjármálaeftirlitsins].²⁾

□ Standi yfir opinber rannsókn vegna meints brots verðbréfasjóðs á ákvæðum laga þessara er ráðherra heimilt að svipta sjóðinn starfsleyfi um stundarsakir. Skal þá ráðherra skipa hlutaðeigandi umsjónaraðila til bráðabirgða sem gera skal ráðstafanir sem miða að því að tryggja hag viðskiptamanna.

¹⁾ L. 17/1999, 4. gr. ²⁾ L. 84/1998, 4. gr. ³⁾ Nú 34. gr. sbr. l. 17/1994, 4. gr.

■ [37. gr.]¹⁾ Afturköllun á starfsleyfi verðbréfasjóðs skal rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi skriflega. Jafnframt skal birta tilkynningu um afturköllun í Lögbirtingablaði og auglýsa hana í fjölmiðlum.

□ Afturkalli ráðherra starfsleyfi verðbréfasjóðs endanlega skal hann skipa skilanefnd þriggja manna sem sér um slit á sjóðnum eða flutning á starfsemi hans til annars verðbréfasjóðs.

¹⁾ L. 17/1999, 4. gr.

XI. kafli. Ýmis ákvæði.

■ [38. gr.]¹⁾ Hyggist verðbréfasjóður markaðssetja hlutdeildarskírteini sín eða stofna útíbú í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt [Fjármálaeftirlitinu]²⁾ og eftirlitsaðila í því landi þar sem markaðssetning eða stofnun útíbús er fyrirhuguð.

□ Leyfi til starfsemi, er lög þessi taka til, sem veitt hefur verið af lögbærum yfirvöldum í öðru ríki innan Evrópska efna-

hagssvæðisins, gildir einnig hér á landi. Um starfsemi slíkra leyfishafa fer samkvæmt nánari reglum³⁾ sem ráðherra setur.

□ Um gildi leyfa til starfsemi, sem lög þessi taka til, sem veitt eru af lögbærum yfirvöldum ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins, svo og um starfsemi slíkra leyfishafa hér á landi, fer eftir reglum sem ráðherra setur.

¹⁾ L. 17/1999, 4. gr. ²⁾ L. 84/1998, 4. gr. ³⁾ Rg. 369/1993.

■ **[[39. gr.]¹⁾** Rekstrarfélag skal gefa út útbodslýsingu fyrir hvern verðbréfasjóð sem það annast rekstur á samkvæmt lögum þessum. Í útbodslýsingu skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar til að viðskiptavinum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs.

□ Nánar skal kveðið á um útbodslýsingar verðbréfasjóða skv. 1. mgr. í reglum²⁾ sem [Fjármálaeftirlitið]³⁾ setur.]⁴⁾

¹⁾ L. 17/1999, 4. gr. ²⁾ Rg. 616/1996. ³⁾ L. 84/1998, 4. gr. ⁴⁾ L. 21/1996, 12. gr.

■ **[40. gr.]** Í auglýsingum og annari kynningarstarfsemi verðbréfasjóða skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi verðbréfasjóðsins. Þess skal gætt að skýrt komi fram hvort sjóðurinn hafi heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu eða markaðssetningar skv. 27. gr.

□ Fjárfesti verðbréfasjóður í framvirkum samningum og valréttarsamningum skv. 27. gr. skal getið um það sérstaklega í auglýsingum og annari kynningarstarfsemi. Jafnframt skal koma fram viðvörðun til fjárfesta um að fjárfesting í slíkum sjóði sé áhættusöm.]¹⁾

¹⁾ L. 17/1999, 5. gr.

■ **[41. gr.]¹⁾** Stjórnendur og starfsmenn verðbréfasjóða, rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja eru bundnir þagnarskyldu um öll viðskipti sem þeir hafa milligöngu um og allt það er varðar hagi viðskiptamanna og þeir öðlast vitneskju um

í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

¹⁾ L. 17/1999, 5. gr.

■ **[42. gr.]¹⁾** Kostnaður við birtingar tilkynninga samkvæmt lögum þessum skal greiddur af viðkomandi verðbréfasjóði.

¹⁾ L. 17/1999, 5. gr.

■ **[43. gr.]** Verðbréfasjóður getur höfðað mál í eigin nafni fyrir hönd einstakra eigenda hlutdeildarskírteina til ógildingar á skírteinum.]¹⁾

¹⁾ L. 17/1999, 6. gr.

■ **[44. gr.]¹⁾** Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.²⁾

¹⁾ L. 17/1999, 6. gr. ²⁾ Rg. 369/1993.

XII. kafli. Viðurlög.

■ **[45. gr.]¹⁾** Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggja við broti samkvæmt almennum hegningarlögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

□ Um tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga.

¹⁾ L. 17/1999, 6. gr.

XIII. kafli. Gildistaka.

■ **[46. gr.]¹⁾** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993. . . .

¹⁾ L. 17/1999, 6. gr.

■ **Ákvæði til bráðabirgða. . . .**